

Nefnd um endurskoðun náttúrverndarlaga  
Ritari, Steinunn Fjóla Sigurðardóttir  
Umhverfissráðuneyti  
Skuggasundi 1  
150 Reykjavík.



Þingeyri 11. janúar 2011

**Efni: Umsögn Skjólaskóga á Vestfjörðum um tillögur nefndar að drögum að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 með síðari breytingum.**

**Almennt:**

Þær athugasemdir sem hér eru gerðar lúta einkum að afmörkuðum atriðum í umræddum drögum sem mundu hafa mestan skaða í för með sér fyrir uppbyggingu skógræktar sem kraftmikillar og sjálfbærrar atvinnugreinar á Íslandi, yrðu þau að lögum í óbreyttri mynd.

Það virðist vera grundvallarforsenda sem höfundar gefa sér að nauðsyn beri til að beita sterkara eða strangara regluverki í mjög víðu samhengi um nýtingu alls lands (utan þéttbýlis og s.k. „þaulræktaðra svæða“) þar sem þau lönd *séu í upprunalegu og náttúrulegu ástandi* (bls. 16 í greinargerð með drögum) og falli þar með undir ströngustu kröfur sammingsins um líffræðilega fjölbreytni. Þessi forsenda er röng.

Það gegnir furðu að höfundar tillaganna hafi komið sér saman um að náttúra Íslands sé á vorum dögum óspillt og upprunaleg, og hafi fram til okkar daga verið laus við allar ógnir gagnvart líffræðilegri fjölbreytni<sup>1</sup>. Slíkir staðir eru til og margir njóta eðlilega sérstakrar verndunar og vafalaust er enn að finna verðmæt og upprunaleg vistkerfi sem ekki hafa hlotið viðunandi vernd.

En eigi að síður hlýtur það að skjóta skökku við sú fyrirætlan höfunda, að leiða í lög „gerræði“, með dauðri hönd skriffinnsku, umsagnaferla og banna á alla ræktun utan þéttbýli, í landi sem hefur glatað langstærstum hluta upprunalegra gróðursamfélaga, gróðurhulu og jarðvegs. Von er þótt spurt sé, hvort slík áform byggist á öðrum sjónarmiðum en vísindalegri þekkingu og umhyggju fyrir ósnortinni náttúru.

---

<sup>1</sup> Minnir þetta á orð Halldórs Laxness: „Af öfugmælanáttúru sem Íslendingum er lagin kappkosta sumir okkar nú að boða þá kenningu innan lands og utan, einkum og sérílagi þó í ferðaauglýsingum og öðrum fróðleik handa útlendingum, að Ísland sé svo landa að þar gefi á að líta óspilta náttúru. Margur reynir að svæfa minnimáttarkend með skrumi og má vera að okkur sé nokkur vorkunn í þessum pósti. Hið sanna í málinu vita þó allir sem vita vilja, að Ísland er eina landið í Evrópu sem er gerspilt af mannavöldum. Því hefur verið spilt á umliðnum þúsund árum samtímis því að Evrópa hefur verið ræktuð upp. Nokkur svæði í miðjarðarhafslöndum Evrópu, einkum Grikkland, komast því næst að þola samanburð við Ísland að því er snertir spillingu lands af mannavöldum.“

Halldór Laxness (1970): Hernaðurinn gegn landinu. (má lesa hér: [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=683329](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=683329))

Í því „fullkomna regluverki í tötruðu vistkerfi“ sem höfundar leggja til að yrði stjórnað af tveimur völdum ríkisstofnunum, Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun, er ábyrgð á verndun náttúrulegra birkiskóga færð frá fagstofnun skógræktar, Skógrækt ríkisins. Spurning hvort hér er á ferð einhver angi af „stofnanaátökum“ fremur en faglegheit.

Í 2. og 7 lið er *ágeng framandi lífvera* skilgreind sú sem ekki kemur náttúrulega fyrir í vistkerfum landsins og ógnar líffræðilegri fjölbreytni.

Þessi skilgreining verður ónothæf í lagasetningu og eftirfylgni laganna, af tvennum ástæðum:

- (a) Skipting lífverutegunda í *innlendar eða framandi tegundir* byggist ekki á neinni viðurkenndri flokkunarfræði, þaðan af síður flokkun framandi lífvera í *ágengar og óágengar framandi lífverur*. Engin fræðileg samstaða er um það, innanlands né alþjóðlega, hve lengi lífverutegund þarf að vera á tilteknum stað til að geta talist innlend. Yfirleitt er afar hæpið að flokka tegundir eftir þjóðríkjum enda afmarkast náttúruleg heimkynni oft af úthöfum, fjallgörðum og loftslagsbeltum. Í orðræðu um framandi og ágengar tegundir er viðmiðunin sú, að framandi tegund þurfi að hafa borist af mannavöldum og nýlega. Hún telst ekki framandi ef hún hefur borist af eigin rammleik, jafnvel mjög nýlega, og ekki heldur ef hún barst með mannum fyrir nokkrum öldum. Þessir erfiðleikar gera lagasetningu og eftirfylgni laganna afar vafasama og býður þeirri hættu heim, að eftirlitsstjórnvaldið í þessum málaflokki ráði illa við túlkun laganna og taki ákvarðanir sínar eftir geðþótta. Eins telst ágeng tegund ekki ágeng nema hún sé framandi og tilkomin af beinum ásetningi manna. Þannig skilgreining getur í sjálfu sér byggst á einstaklingsbundnu, huglægu mati, jafnvel sérvisku, á stærstum hluta lands.
- (b) Þar sem „náttúruleg“ líffræðileg fjölbreytni (líffræðileg fjölbreytni sem ekki er mótuð af mannlegum athöfnum) fyrirfinnst varla í nútíma, þar sem stór hluti vistkerfa á landi hefur þegar þurrkast út og annars staðar að verulegu leyti gjörbreyst eða skroppið saman vegna skógeyðingar, ofbeitar búpenings og annarar nýtingar manna. Sé markmiðið að tryggja óbreytt ástand núverandi vistkerfa og óbreyttan líffræðilegan fjölbreytileika, má hugsa sér að þessi skilgreining sé skynsamleg, en þar sem meginmarkmið með hugtakinu líffræðileg fjölbreytni er einmitt að tryggja fjölbreytni en ekki fábreytni eða stöðnun, virðist tillagan og orðskýringarnar ganga þvert gegn hugmyndafræði sáttmála Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni. Íslensk náttúra hefur næstum því örugglega tapað einhverjum þeirra tegunda sem háðar er búsvæðum skóga og margar aðrar hafa eingöngu haldið velli í snjóðældum en gætu sótt að fyrri búsvæðum í skjóli skóga svo dæmi sé tekið. Engin tegund dýra né plantan er einlend (e. *endemic*) á Íslandi og því ekki hætta á útdauða tegunda.

Sérstakar athugasemdir:

Hér er gerð sú tillaga að skógrækt bætist við upptalningu í 41. grein og orðist svo:

**41. gr. Innflutningur lifandi framandi lífvera**

Lagt er til að krafan um leyfi Umhverfisstofnunar *gildi ekki um búfé eða framandi plöntutegundir sem ætlaðar eru til ylræktar, garðræktar eða skógræktar* nema innflutningur sé bannaður samkvæmt reglugerð, sbr, 4. mgr.

Greinargerð:

Skógur er sérstakt vistkerfi en hvergi nærri þó einsleitt og fátækt frá sjónarmiði líffræðilegrar fjölbreytni. Birkiskógavistkerfi er í samhengi líffræðilegrar fjölbreytni ekki frábrugðið öðrum skógvistkerfum með lerki-, greni- eða furutegundum og rannsóknaverkefnið SKÓGVIST (Landbúnaðarháskóli Íslands, Skógrækt ríkisins og Náttúrufræðistofnun 2006) sýndi fram á að þótt undirgróður og smádyralíf taki talsverðum til verulegum breytingum þegar upp vex skógur á fyrrum mólendi, þá sé fjölbreytni áfram svipuð – en það verða skipti á tegundum. Ekki var um að ræða grundvallarmun í tegundasamsetningu lífríkis birkiskóga (náttúrlegra og ræktaðra) og ræktaðra barrskóga. Þessi munur er þó mjög háður þéttleika skóganna eða með öðrum orðum umhirðu í ræktuðum skógum.

Miðað við ýtrustu áform um ræktun nytjaskóga á landinu næstu hálfu öld, sem er innan við 2% lands, verður þessi starfsemi að telja ákaflega hættulítill þeirri líffræðilegu fjölbreytni sem fyrir er í landinu. Innfluttar tegundir eru forsenda þess að hér á landi þróist efnahagslega sjálfbær skógrækt, sem jafnframt er félagslega og vistfræðilega sjálfbær. Markmiðum um líffræðilega fjölbreytni og fjölbreytt búsvæði nást hæglega í ræktuðum skógum með réttum aðferðum þar sem skógræktendur forðast einræktun (e *monoculture*) og efnahagsleg markmið nást þrátt fyrir tegundablöndur („mósaik ræktun“). Það sama verður tæplega gert í margri annari ræktun svo sem akuryrkju og túnrækt. Þar má þó auðveldlega stuðla að fjölbreyttari búsvæðum með skógarlundum og sérstaklega hönnuðum skjólbeltum, en skjólbelti þurfa að reiða sig að verulegu leyti á notkun innfluttra trjátegunda.

Tillaga nefndar um flutning lífvera milli svæða innanlands er óþörf og leggja Skjólaskógar til að hún falli brott. Erfitt er að sjá tilganginn með slíku banni, væri henni beitt til þess að takmarka flutning innlendra trjátegunda milli landshluta. Sé þetta álitid mikið vandamál sem ráða þarf bót á við verndun erfðaaudlinda t.d. ferskvatnsfiska, er rétt að afmarka svona ákvæði við þá hóp.

**41.gr.a. Dreifing lifandi lífvera.**

b. liður. Að óheimilt sé nema samkvæmt leyfi Umhverfisstofnunar að flytja lifandi lífverur innanlands til svæða sem þær koma ekki náttúrulega fyrir.

Greinargerð:

Í e-lið 37. gr. er lagt til sérstök vernd birkiskóga. Birkiskógar (náttúrlegir) eru taldir afar verðmæt náttúruauðlind í athugasemdum við lagafrumvarpið (bls 8-9), og sérsök athygli vakin á þjónustu þeirra við m.a. endurreisn líffræðilegrar fjölbreytni. Telja má fullvíst að skógvistkerfi hafi verið ríkjandi á stórum hluta láglandis við landnám. Birkið er nú sums staðar að breiðast út um láglandi, hugsanlega vegna samspils minnkandi beitara og hagstæðs tíðarfars í 1-2 áratugi. Undirritaður fullyrðir að sjálfræðsla birkis á

Vestfjörðum sé líklega ekki minni að flatarmáli en þau svæði sem hafa verið tekin til skógræktar á sama svæði á sama tíma. Með öðrum orðum steðjar engin sérstök hætta að birkiskógum um þessa mundir, enda er birkið öflug frumherjategund og mætti ugglaut kalla ágenga í vissum skilningi – sem er einmitt helsti kostur hennar við núverandi aðstæður og kröfur samtíma um endurreisn líffræðilegrar fjölbreytni. Birkið er afar breytileg tegund og líkt og aðrar tegundir frumherja með mikla aðlögunarhæfni. Því er ekkert sem bendir til að birki geti ekki lagt undir sig ógróið og gróið land í mýrum, hlíðum, heiðum og söndum, svo fremi sem beit sé takmörkuð.

Markmið sem tillöguhöfundar virðast stefna að, „staðbundinn - náttúrulegur fjölbreytileiki birkiskógavistkerfis“, má einfaldlega ná með takmörkun beitar eða bættri beitarstjórn. Slík aðgerð mundi á nokkrum áratugum koma af stað því sem einhverjir gætu kalla „hömlulaus“ skógvæðing á mjög stórum svæðum eða 20-40 földum landstærðum sem nú er fyrirhugað að taka undir ræktaða skóga. Sem nytjategund svo sem til framleiðslu viðar eða viðarafurða verður að hafa í huga að vaxtarhraði og vaxtarlag einstakra staðbrigða (kjarr/kjarrskógur/skógur) mun ráða því hvað hagkvæmt verður að rækta og hvað ekki, í þeim tilgangi.

Tillagan er í hæsta máta undarleg með tilliti til þess að spurningu um hvort núverandi útbreiðsla tiltekinna tegunda sé náttúruleg að ekki er vandsvarað og krafa um leyfi frá Umhverfisstofnun mun í besta falli leiða til ákvarðanatöku á veikum grunni. Einnig er því ósvarað í þessu samhengi hvort viðkomandi tegund eða staðbrygði muni hvort sem er nema ný „náttúruleg“ útbreiðslusvæði með tíð og tíma samanber að á Vestfjörðum kemur beitilyng (*Calluna vulgaris*) ekki fyrir í náttúrulegum, óröskuðum vistkerfum en talið víst að tími frá ísöld eða landnámi tegundarinnar hafi einfaldlega ekki dugað til að hún hafi enn náð til alls landsins. Það sama á við um mjaðurtina (*Filipendula ulmaria*), en hvorug tegundin mun eiga í nokkrum vandræðum með að nema alla landshluta með tíð og tíma a.m.k. ef jarðvegur er fyrir hendi.

Tillaga í b. lið mun torvalda að ástæðulausu notkun bestu kvæma hvort sem það eru önnur staðbrygði eða kynbætt yrki birkis í skógrækt þar sem áhersla og tilgangur ræktunarinnar er önnur en landgræðsla eða jarðvegsvernd.

### **3. gr. 37. gr. um sérstaka vernd.**

b. liður – votlendi.

Ánægju er lýst með lækkun stærðarviðmiða vegna mýra niður í 1 hektara í stað þriggja, í ljósi þess að lítil votlendissvæði virðast jafn mikilvæg eða jafnvel mikilvægari búsvæði fyrir vaðfugla en stór. Sama á raunar við um skógvistkerfi, hvort sem þau eru ræktuð eða náttúruleg.

e. liður birkiskógar og leifar þeirra.

Verndun birkiskóga og leifa þeirra er að fullu gætt í núgildandi skógræktarlögum (nr. 36 1955) og ekki ljós ástæða þess að færa umsjá þeirra frá Skógrækt ríkisins til annarra stofnana umhverfisráðuneytisins.

  
Sæmundru Kr. Þorvaldsson framkv.stj. Skjólaskóga.